Brèf landshöfðingjans (til bæjarfógetans í Reykjavík). **16** 10da október.

Samþykt, að bæjarstjórnin í Reykjavík taki að láni
til aðgjörðar á Austrvelli . . . . . 4,000 krónur.
— —— - Austrstræti . . . . . 6,000 —
þannig að lánsfè þetta verði endrgoldið á 28 árum með því að greiða árlega 6% vexti af því.

Brèf landshöfðingjans (til stiptsyfirvaldanna). **17** 17da október.

Eptir að landshöfðinginn hafði meðtekið ummæli stiptsyfirvaldanna 20. maí þ. á. um bænarskrá frá prestinum sira Stefáni Thorarensen á Kálfatjörn, þar sem hann fer þess á leit, að veittr verði barnaskóla þeim, sem stofnaðr hefir verið í Vatnsleysustrandarhreppi, styrkr úr Thorkillii barnaskólasjóði að upphæð 1000—1200 rd., var málefni þetta borið upp fyrir ráðgjafanum fyrir Ísland, og hefir hann 25. f. m. ritað mèr á þessa leið:

«Þá er ráðgjafanum hafði borist erindi yðar, herra landshöfðingi, dagsett 29. maí þ. á., bar hann málefni það, sem þar er um rætt upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknast allramildilegast að fallast á 15. þ. m. samkvæmt allrapegnsamlegustum tillögum ráðgjafans að veita megi skóla þeim, sem stofnaðr er með nafninu «Thorkillibarnaskóli í Vatnsleysustrandarhreppi», 1200 rd. vaxtalaust lán, þegar veðsett verði fyrir því með fyrsta veðrétti jörð sú, sem skólinn á, $^1/_2$ Suðrkot, og skólahús þau, sem á henni eru bygð, og með því skilyrði, að *annaðhvort* verði húsin með fullu verði trygð gegn eldsvoða, og að þessi ábyrgð með fram verði veðsett, *ellegar* að sjóðnum verði, auk veðrèttarins í nefndri eign, útvegaðr fullgildr ábyrgðarmaðr, sem taki að sèr eigi minna en 600 rd. af skuldinni með sömu skuldbindingum, sem hann sjálfr hefði fengið fèð til láns (selvskyldnerkaution)».

Þetta skal hèr með kunngjört yðr, herra amtmaðr, og yðr háæruverðugi herra, yðr til leiðbeiningar og til þess, að þèr ráðstafið því, sem með þarf.

Brèf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu). **18** 17da október.

Í tilefni af bónarbrèfi frá dannebrogsmanni Ásgeiri Finnbogasyni á Lundum er amtmanni tilkynt, að hans hátign konunginum hafi þóknast 16. júlí þ. á. allramildilegast að fallast á, að nefndum dannebrogsmanni verði greiddr 50 rd. árlegr styrkr úr sjóði heiðrsmerkjanna.

Brèf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu). **19** 17da október.

Eptir að rannsóknardeildin hafði leitt athygli að því, að sýslumaðrinn í Ísafjarðarsýslu hefði sumarið 1872 gefið út 6 bráðabirgðaskýrteini fyrir lestagjaldi af skipum, sem höfðu flutt vörur hingað til landsins, en ekki getið þessara skýrteina í reikningi sínum, var leitað skýrslna um þetta málefni, og komst það þá upp, að sýslumaðrinn hefði, þá er hann, eptir að bráðabirgðaskýrteinin voru afhent, fèkk eyðiblöð undir sjóleiðarbrèf, ritað slík brèf fyrir hinar sömu ferðir og bráðabirgðaskýrteinin voru rituð fyrir, og afhent þessi leiðarbrèf án þess að heimta, að bráðabirgðaskýrteinum væri skilað aptr, og án þess að rita á leiðarbrèfin, að þau snerti hinar sömu ferðir og bráðabirgðaskýrteinin.

Í tilefni af þessu voru sýslumanninum samkvæmt brèfi ráðgjafans frá 14. f. m. veittar ávítur fyrir hirðulausa embættisgjörð, og fyrir að hafa sýnt óreglu með því ekki að hlutast til um, að sèr væri í tækan tíma send eyðiblöð undir sjóleiðarbrèf.

Hinn 13. nóvember 1874.

Reykjavík 1874. Prentari: Einar Þórðarson.